



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðarfundum bæjarstjórnar Hveragerðis
í tilefni af 60 ára afmæli bæjarins
20. apríl 2006**

Virðulega bæjarstjórn
Góðir Hvergerðingar

Byggðarlögin vítt og breitt um landið allt eiga sér hvert og eitt sérstaka sögu, annála um glímu fólksins við margvíslega erfiðleika, en líka minningar um merkar stundir, frásagnir af áföngum á langri leið, árangri sem kynslóðirnar hafa náð.

Þræðirnir eru af ólíkum toga og liggja víða, en sameiginlegt er þó öllum byggðum að breytingarnar frá fyrri tíð eru næsta ótrúlegar. Áður var það fátæktin sem setti svip á bæjarbrag, einhæfni einkenndi atvinnulífið, húsakostur víða líkt því sem við köllum hreysi, en samt átti fólk þó ríkulegan sóknarhug, óbifandi trú á eigin getu, sótti á brattann innblásið af framtíðarsýn, staðráðið í að sanna hvernig baráttan fyrir sjálfstæðinu myndi skila sér í framför og velferð öllum til handa.

Hveragerði er hluti af þessari sögu, sveitarfélagið nánast jafn gamalt lýðveldinu og byggðin enn eldri, en Hveragerði hefur þó öðlast einstakan sess í vitund þjóðarinnar; sérstaðan slík að enginn annar bær hefur notið sams konar birtu.

Náttúruskilyrðin hafa að vísu hjálpað til en samt eru það atorka og hugvit fólksins sem úrslitum hefur ráðið, hæfileikinn að móta úr aðstæðum einstakan efnivið og færa landsmönnum um leið skýran boðskap um framtíðina, vísa veginn í átt að nýjum lendum, tækifærum sem þjóðin hafði áður lítt fært sér í nyt.

Hveragerði hefur á margan hátt verið brautryðjandi, bæjarbúar átt í sínum röðum frumkvöðlasveit, fólk sem hafði djúpstæð áhrif á hugmyndaflug þjóðarinnar.

Hér sáu Íslendingar hvað hægt var að gera, hvernig unnt var að beisla náttúruöflin, nýta jarðhitann til að skapa afl og fegurð, gera úr honum orkulind og uppsprettu blómaræktar, sáu að hér var hægt að skapa hvaða loftslag sem var í veröldinni, hitabelti frumskóganna eða hið milda vor á Ríveriunni; nánast allt nema hörkufrost á heimskautasvæðum.

Hvergerðingar höfðu forgöngu um framfarir á mörgum sviðum sem þjóðin telur nú til hinna bestu kosta, sviðum sem eru á okkar tímum grundvöllur samvinnu við fjarlægjar þjóðir.

Hvergerðingar urðu fyrstir til að virkja jarðvarma til að knýja framleiðsluvélar, úrvinnslu afurða til lands og sjávar, til að þvo ull, þurrka þang eða gera úr mjólkinni neysluvöru. Nú er Ísland heimsþekkt fyrir hugkvæmni í nýtingu orkunnar úr iðrum jarðar, leiðtogar frá öflugustu ríkjum heims – Indlandi og Kína, Rússlandi og Ameríku – vilja nema þá tækni sem við höfum þróað og álfyrirtækin bíða í röðum eftir að nýta þessa orkulind; allt er það byggt á reynslunni sem fyrst varð til í tengslum við gamla mjólkurbúið í Hveragerði.

Og bærinn hefur átt brautryðjendur á fleiri sviðum, fólk sem gerði blómarækt að atvinnuvegi, framleiddi matjurtir í gróðurhúsum, seldi grænmeti í stórum stíl – skrifaði í raun nýjan kafla í þjóðarsögu því aldrei áður höfðu Íslendingar átt kost á slíku.

Hvergerðingar ruddu brautir og almenningur tók fagnandi á móti, flykktist hingað, fjölskyldurnar, þúsundum saman, sóttu vorboða og hollustu til Hveragerðis.

Hér voru ruddar brautir í garðyrkjunni, gróðurhúsin gerð að vin.

Hér voru farnar nýjar leiðir í ferðamennsku og bærinn víðkunnur áfangastaður; álíka brýnt að koma hingað og heimsækja Þingvöll, Gullfoss og Geysi, staði sem eru sterk tákn um sérstöðu Íslands – og það varð Hveragerði einnig í fyllingu tímans.

Hér fékk heilsugæsla nýja vídd enda haldið á lofti kenningum um náttúrufæði, böð og hreyfingu til heilsubótar, viðhorf sem nú eru orðin grundvöllur heilbrigðisfræða á veraldarvísu en þóttu áður sérviska úr Hvergerðingum og forystufólki félags um náttúrufæði, félagi sem reisti hér lækningaverstöð.

Það er merkilegt að allir þessir þættir eru nú burðarásar í framtíðarsýn sem þjóðin hefur gert að sinni, atvinnuvegum sem við ætlum að efla, uppsprettum sem færa munu miklum fjölda velferð og betri heilsu á komandi árum, eru ávísanir á aukna hagsæld.

Nýting orkunnar úr jarðhitnum, ræktun grænmetis, blóma og nytjajurta, nýjar leiðir í heilbrigðismálum og ferðaþjónustu sem byggð er á sérstöðunni – á öllum þessum sviðum hafa Hvergerðingar verið brautryðjendur og bærinn orðið táknið um nýja tíma, aðrar leiðir, arðbærar og sjálfbærar, í heimi breytinganna, leiðir sem áður voru huldar en eru nú kjarninn í umræðum um hvernig við og aðrir halda til móts við framtíðina.

Hveragerði hefur á þennan hátt sérstöðu meðal íslenskra byggða og árangurinn sem íbúarnir hafa náð, ekki aðeins á þessum sextíu árum heldur líka áður, hefur skapað sterka mynd í vitund þjóðarinnar.

Það hugsa því margir með þakklæti til Hvergerðinga því líklegast hefur enginn bær fært jafn mörgum slíka gleði.

Þúsundir, tugþúsundir, jafnvel hundruð þúsunda hafa komið hingað í áratugi og sótt sér tré sem gróðursett voru í garðinum heima, jólastjörnur og blóm í stofur, brúðarvendi og afmælskveðjur; Hveragerði tengst gleðistundum í lífi fjölskyldnanna – að ógleymdum þeim mikla fjölda sem hingað hefur sótt sér heilsubót og hugsar með hlýhug til Hveragerðis líkt og Kristrún frænka mín gerði en hún dvaldi hér vikum saman á hverju ári alla mína æskudaga og reyndar lengur og lofsöng svo Hveragerði í fjölskylduboðum, um jól og páska, hvenær sem var; Hveragerði var bjargvættur heilsu hennar enda náði hún háum aldri, vantaði ekki mikið í hundrað árin.

Já, Hveragerði hefur auðgað lífshlaup margra og bæjarbragurinn borið þess vitni: blómabærinn, heilsubærinn, skáldabærinn – fjölmenn sveit andans manna fundu í Hveragerði unaðsreit og ortu hér fögur ljóð, sömdu texta sem lengi lifa; áður fyrr Kristmann og Jóhannes úr Kötlum en Gunnar Dal og Indriði á okkar tímum; marga fleiri mætti nefna, líka listmálara og snillinga á öðrum sviðum.

Hveragerði getur á þessum tímamótum horft björtum augum fram á veg. Komandi ár verða sannarlega tími breytinganna og þá er kostur að geta byggt á traustum grunni, sótt hvatningu í árangurinn sem áður náðist.

Hveragerði verður í vaxandi mæli hluti af byggðaheild sem nær frá Borgarfirði og austur fyrir Árnassýslu. Æ fleiri velja sér búsetu hvar sem er á þessu svæði, flytja vinnuna með sér eða hika ekki við að aka góðan spöl til daglegra verka. Sýn okkar á samfélagið tekur mið af samgöngunum og nú er Hveragerði komin í alfararleið hjá þorra þjóðarinnar.

Þessi mikla þjóðfélagsbylting mun hafa veruleg áhrif á bæinn ykkar, færa stjórnendum og íbúum öllum bæði tækifæri og áskoranir, en líka vandamál sem úr þarf að leysa.

Þá verður gott að minnast þess að frumkvöðlaandinn er hluti af arfleifð Hvergerðinga, að þeir sem áður réðu hér för tóku iðulega fagnandi á móti nýjungum.

Það er heillandi framtíð sem blasir við og ég óska ykkur gæfu og gengis í þeirri för; færi ykkur líka einlægur þakkir þjóðarinnar, þakkir fyrir að hafa opnað landsmönnum nýjar leiðir, rutt brautir sem nú eru orðnar að alfaraleið.